

Kynning á kjarasamningi

Opinn félagsfundur

Fimmtudaginn 9. janúar 2020 kl. 11:00

Gildistími

- 1. apríl 2019 – 31. mars 2023
 - Afturvirkni um 8 mánuði
 - Launagreiðsla 1. febrúar mun taka mið af því en til frádráttar kemur innágreiðslan í ágúst að upphæð kr. 105.000. (ef samningur er samþykktur)
 - Ekki sjálfgefið að fá svona langa afturvirkni
-

Launahækkannir

- Stjórnsýsla og stoðþjónusta (73 félagsmenn)
 - 1. apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
 - 1. apríl 2020 hækka laun um kr. 18.000
 - 1. janúar 2021 hækka laun um kr. 15.750
 - 1. janúar 2022 hækka laun um kr. 17.250
 - Nýdóttar, aðjúnktar, lektorar og dósentar (73 félagsmenn)
 - 1. apríl 2019 hækka laun um kr. 17.000
 - 1. september 2020: ný launatafla og launaröðun
 - 1. janúar 2021: sjá launatöflu
 - 1. janúar 2022: sjá launatöflu
-

Hækkun í launatöflu S

- Krónutalan er sett á 0 dalk en hlutfallshækkarnir halda sér í launabrepum á hægri ás
 - Starfsfólk í stjórnsýslu og stoðþjónustu er raðað í þrep 5 og 6 skv. SKERFinu
 - Launahækkarnir í heildina
 - 12,5% - 20,3% að meðaltali 13,3%
 - Kr. 71.400 – 102.517 meðaltal kr. 81.569
 - 0 dalkur gefur kr. 68.000 – allir fá hærra
-



Félag háskólakennara
á Akureyri

Hækkun í launatöflu S

Fjöldi í Lfl.	Lfl.	1. júní 2018	1. apríl 2019	1. apríl 2020	1. janúar 2021	1. janúar 2022	breyting %
1	695-022	351,711	369,562	388,462	405,000	423,112	20.3
2	695-032	369,297	387,147	406,047	422,584	440,697	19.3
1	695-036	404,468	424,018	444,718	462,830	482,668	19.3
1	695-076	491,633	511,183	531,883	549,996	569,833	15.9
1	695-077	502,322	522,296	543,446	561,952	582,221	15.9
1	695-086	516,215	535,765	556,465	574,578	594,415	15.1
5	695-096	542,026	561,577	582,277	600,390	620,227	14.4
4	695-106	569,128	588,677	609,377	627,489	647,327	13.7
14	695-115	584,593	603,719	623,969	641,688	661,094	13.1
2	695-116	597,584	617,135	637,835	655,947	675,785	13.1
8	695-125	613,823	632,948	653,198	670,916	690,323	12.5
9	695-126	627,463	647,013	667,713	685,826	705,663	12.5
1	695-135	644,513	663,639	683,889	701,607	724,839	12.5
2	695-136	658,836	678,386	699,086	717,199	740,946	12.5
1	695-138	687,481	707,881	729,481	748,381	773,161	12.5
3	695-145	676,740	695,864	716,114	733,833	761,081	12.5
2	695-146	691,778	711,328	732,028	750,140	777,993	12.5
3	695-155	710,576	729,702	749,952	767,671	799,135	12.5
1	695-156	726,367	745,918	766,618	784,730	816,893	12.5
1	695-157	742,158	762,133	783,283	801,789	834,652	12.5
3	695-165	746,105	765,230	785,480	803,198	839,091	12.5
1	695-166	762,685	782,235	802,935	821,047	857,738	12.5
3	695-175	783,410	802,536	822,786	840,504	881,046	12.5
3	695-185	822,581	841,706	861,956	879,675	925,098	12.5

Breytingar á launatöflu A þann 1. sept. 2020

- 5,0% á milli allra launaflokka (niður töflu)
 - 2,5% á milli allra launabæpa (til hægri í töflu)
 - Launaflokkar nú 18 í stað 15
 - Ajúntar, lektorar og dósentar byrja í L08-0 og nýdóttarar í L07-1
 - Færri stig á milli launaflokka en áður
 - Kennslusperran lögð niður og launaröðun fer eftir fjölda rannsóknarstiga og heildarstiga
-

Launatafla A

1. apríl 2019 og 1. sept. 2020

	0	1	2	3
01	448.551	459.765	470.979	482.192
02	470.129	481.882	493.635	505.389
03	492.785	505.105	517.424	529.744
04	516.574	529.488	542.403	555.317
05	541.553	555.092	568.631	582.169
06	567.781	581.976	596.170	610.365
07	595.320	610.203	625.086	639.969
08	628.474	644.186	659.898	675.610
09	673.465	690.302	707.138	723.975
10	741.023	759.549	778.074	796.600
11	815.001	835.376	855.751	876.126
12	911.123	933.901	956.679	979.457

	0	1	2	3
01	446.645	457.811	468.977	480.143
02	468.977	480.701	492.426	504.150
03	492.426	504.736	517.047	529.358
04	517.047	529.973	542.899	555.826
05	542.899	556.472	570.044	583.617
06	570.044	584.296	598.547	612.798
07	598.547	613.510	628.474	643.438
08	628.474	644.186	659.898	675.610
09	659.898	676.395	692.893	709.390
10	692.893	710.215	727.537	744.860
11	727.537	745.726	763.914	782.103
12	763.914	783.043	802.110	821.208

Launaröðun fyrir og eftir

1. sept. 2020

Rannsóknastig	Kennslustig	Heildarstig	Lfl.	Þrep
-	-	< 50	L04	0
-	-	50	L05	0
50	-	100	L06	0
80	-	150	L07	0
120	-	200	L08	0
270	100	400	L09	0
400	120	600	L10	0
550	150	900	L11	0
750	180	1200	L12	0

Rannsóknastig	Heildarstig	L.fl.
<135	<250	L08-0
135-269	250-374	L09-0
270-334	375-499	L10-0
335-399	500-624	L11-0
400-474	625-749	L12-0
475-549	750-899	L13-0
550-649	900-1049	L14-0
650-749	1050-1199	L15-0
750-999	1200-1599	L16-0
1000-1499	1600-1999	L17-0
1500>	2000>	L18-0

Hækkun í launatöflu A

- Launahækkunarir í heildina
 - 5,1% - 31,5% að meðaltali 13,2%
 - 18 félagsmenn af 72 með minna en 12,5%
 - Kr. 36.617 – 157.496 meðaltal kr. 83.168
 - 0 dálkur átti að gefa kr. 68.000
 - 14 félagsmenn af 72 fá lægra minna
-

Ný grein – Önnur laun er starfinu fylgja

- 1.1.5 Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu. Önnur laun geta verið vegna reglubundinnar yfirvinnu og starfstengds álags sem ekki verður mælt í tíma. Önnur laun koma í stað yfirvinnukaups skv. gr. 1.5
-

Grein 1.3. breytist Viðbótarlaun

- 1.3.1 Heimilt er að greiða viðbótarlaun umfram reglubundin mánaðarlaun. Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tekin af forstöðumanni og vera í samræmi við reglur fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslur viðbótarlauna. Fjárhæð viðbótarlauna skal byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Greiða má viðbótarlaun í allt að sex mánuði en ef tilefni er til er heimilt að framlengja greiðslu þeirra um þrjá mánuði í senn en þó aldrei lengur en í tvö ár samfelld.
-

Persónu- og orlofsuppbót

- Persónuuppbót (desember)
 - 2019 – 92.000
 - 2020 – 94.000
 - 2021 – 96.000
 - 2022 – 98.000
 - Orlofsuppbót
 - 2019 – 50.000
 - 2020 – 51.000
 - 2021 – 52.000
 - 2022 – 53.000
-

Stytting vinnuvikunnar

- Á við um starfsfólk í stjórnsýslu- og stoðþjónustu en ekki starfsfólk í kennslustöðum
 - Heimild til styttingu vinnuvikunnar niður í allt að 36 vinnustundir á viku en náist ekki samkomulag styttest vinnutími um 13 mínútur á dag
 - Fyrirkomulag verður útfært með samkomulagi stofnunar/skipulagseiningar og starfsmanna (greidd verða atkvæði)
 - Forstöðumaður/Rektor á að eiga frumkvæði að undirbúningi breytinganna eigi síðar en 1. apríl 2020 og á vinnunni að vera lokið 1. október 2020 og komi til framkvæmda frá 1. janúar 2021
-

Eftirfarandi útfærslur mögulegar

A. Dagleg stytting

- Stytting á virkum vinnutíma sem nemur 13 mínútum á dag. (65 mínútur/5 dagar)
- 35 mínútur í matartíma á dag.
- Vinnutími kl. 8-15:47.
- (Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir.)

B. Vikuleg stytting

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mínútum á viku. (65 mínútur/1 dagur)
 - 35 mínútur í matartíma á dag.
 - Vinnutími mánudaga til fimmtudaga kl. 8-16.
 - Vinnutími á föstudögum kl. 8-14:55.
 - (Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir.)
-

Eftirfarandi útfærslur mögulegar

C. Stytting útfærð nánar á stofnun

- Samanlögð stytting á virkum vinnutíma sem nemur 65 mínútum á viku (nánar útfært á stofnun).
- 0-35 mínútur í matartíma á dag. (Allt að 2.55 á viku til útfærslu á stofnun.)
- Vinnutími mánudaga til föstudaga nánar útfærður á stofnun.
- Vikuleg viðverustytting allt að $(1.05 + 2.55) = 4$
- (Virkur vinnutími á viku samtals 36 stundir.)

D. Stytting tekin út í heilum eða hálfum dögum

- Mögulegt er að safna upp umsamdri vinnutímastyttingu til úttektar í heilum eða hálfum dögum með reglubundnum og skipulögðum hætti á þeim tímabilum sem henta rekstri stofnunarinnar. Framangreint er ekki til að lengja sumarorlof. Sem dæmi jafngilda 65 mínútur á viku um það bil sjö dögum á ári.
-

Áhrif styttingu vinnuvikunnar á yfirvinnu

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist þann 1. mars 2020

- Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2.
 - Yfirvinna 1 er tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki 0,85% af mánaðarlaunum skv. gr. 1.2.1 og 1.2.2.
 - Yfirvinna 2 greiðist fyrir unna vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð). Yfirvinna 2 er tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum samkv. gr. 1.2.1 og 1.2.2.
 - Bókun 5 tryggir að horft er á heildarstarfshlutfall viðkomandi ef unnið er á fleiri en einni skipulagseiningu/stofnun þegar ákvörðun um greiðslu yfirvinnu 1 og 2 er tekin
-

5. Kafli um ferðatíma erlendis

- 5.1 Þegar starfsmaður fer utan að frumkvæði vinnuveitenda og á vegum hans telst sá tími ekki til virks vinnutíma. Greiðslur vegna slíkra ferða skulu vera með eftirfarandi hætti:
 - Sé brottför/heimkoma flugs á virkum degi fyrir kl. 10:00 og/eða eftir kl. 15:00 skal starfsmaður fá greiðslu sem nemur þremur álagsstundum á 33% álagi skv. gr. 1.6.1 fyrir hvort tilvik.
 - Á almennum og sérstökum frídögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 55% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.
 - Á stórhátíðardögum skal samsvarandi greiðsla nema sex álagsstundum á 90% álagi skv. gr. 1.6.1, án tillits til þess hvenær dags flugið er.
 - Starfsmanni er heimilt að semja um frítíma í stað greiðslu ferðatíma þannig að 20 mínútna frí jafngildir 33,33% álagi, 33 mínútna frí jafngildir 55% álagi og 54 mínútna frí jafngildir 90% álagi.
-

14. Kafli um styrktarsjóð

- 14. kafli um fjölskyldu- og styrktarsjóð breytist frá 1. janúar 2020 og verði svo hljóðandi:
 - Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,75% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á samkvæmt útreikningi launagreiðanda.
 - Iðgjaldið var áður 0,55% og er þessi hækkun til að koma til móts við auknar greiðslur úr styrktarsjóðnum
-

15. Kafli um lífeyrissjóð

- Áfram er skylduaðilt félagsmanna að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins

12. gr. Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

- Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.
 - Verði kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.
 - Stjórnvöld hafa skipað starfshóp um endurskoðun á reglum vegna endurgreiðslu námslána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, sem hefur kynnt niðurstöður sínar. Aðildarfélögum þessa kjarasamnings er heimilt að segja honum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót, ef breytingar í ljósi framangreindrar vinnu liggja ekki fyrir þann 1. janúar 2021. Niðurstaða um það skal tilkynnt gagnaðila eigi síðar en 15. janúar 2021, ella fellur forsenduákvæði hvað þetta varðar úr gildi.
 - Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til samþykktar, ásamt bókunum og fylgiskjölum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16.00 þann 15. janúar 2020 skoðast hann samþykktur.
-

Bókanir

- Bókun 1: Fjallar um undanþátu 55 ára og eldri frá næturvöktum og bakvöktum sé þess óskað og lengdur uppsagnarfrestur fyrir 55 ára og eldri sem starfað hafa í a.m.k. 10 ár samfelld hjá sömu stofnun.
 - Bókun 2: Fjallar um endurskoðun á 12 kafla um veikindi og veikindarétt. Vinna mun hefjast í ágúst 2021 og á að ljúka eigi síðar en 1. maí 2022. Þetta á við um viðverustefnu til að stuðla að snemmbæru inngrip vegna langtíma veikinda, skilgreiningu á langtíma- og skammtíma veikindum, framkvæmd talningar á veikindadögum og um það hvort að veikindi eigi að ná til nákominna en ekki eingöngu veikinda barna.
 - Bókun 3: Fjallar um að fara skuli fram heildarmat á umgjörð fræðslumála með tilliti til tæknibreytinga sem munu hafa áhrif á starfsumhverfi og inntak starfa hjá ríkinu og hvernig skuli tryggja að starfsfólk fái viðeigandi hæfni til að takast á við breytt verkefni. Í því samhengi á að skoða starfsþróunaráætlanir og námsleyfi. Þessi vinna á að hefjast 9. september 2021 og niðurstöður eiga að liggja fyrir í apríl 2022.
-

Bókanir

- Bókun 4. Fjallar um upptöku launaþróunartryggingar milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Henni er ætlað að tryggja að launaþróun sé að jafnaði svipuð hjá opinberum starfsmönnum og á almennum markaði
 - Bókun 5. Fjallar um yfirvinnu 1 og 2 hjá hlutastarfsfólki og fjallað var um hér fyrir framan
-

Að lokum

- Það er mat okkar í samninganefnd að ekki verði lengra komist í samningum að þessu sinni og göngum við sátt frá samningaborðinu.
 - Kjarasamningurinn verður nú borinn undir dóm félagsmanna og hvetjum við alla félagsmenn til að nýta sér kosningarétt sinn.
 - Rafræn atkvæðagreiðsla stendur frá kl. 14 í dag og til kl. 14 næsta miðvikudags (15. jan).
 - Við þökkum þá biðlund sem félagsmenn hafa sýnt samninganefndinni allan þennan tíma sem samningar hafa verið lausir.
-